

Athugasemdir við breytingu á skipulagi

Dalvegur 32

Hæð bygginga

Hæð bygginga er óheyrileg, 19-21 metri sem samsvarar hæð á átta hæða blokk í Engihjallanum. Fyrsta hæðin byrjar að telja í hæðarpunkti sem nemur við þakið á Dalvegi 32b.

Útlit og hönnun húsa.

Eins og fram kom á íbúðafundi þá verði ytra byrði húsanna úr efnum sem hindra endurkast á hljóði upp í byggðina. Gerð verði krafa til verktaka að hönnun húsanna verði í samræmi við væntingar bæjarstjórnar og verði okkur til sóma.

Hljóðgöng

Íbúar hafa fundið að hávaði hefur aukist í hverfinu. Krefjast skal mótvægisáðgerða í byggingaleyfi til að hindra hljóðtrekt milli húsa a-b og b-c.

Hljóðvist þarf að batna en ekki versna. Það er ekki bara nægilegt að nota líkanareikning þegar reynslan sýnir aukinn hávaða.

Bílastæði á lóð

Fjöldi bílastæða er ófullnægjandi miðað við þróun á Dalvegi 30 þar sem öll stæði eru nú yfirfull og húsið ekki komið í fulla notkun.

Ljósmengun

Það þarf að hafa í deiliskipulagi að óheimilt er að hafa upplýsanleg skilti sem snúa að íbúðarhverfinu og slökkt sé á lýsingu í húsunum eftir 22:00 á kvöldin.

Á framkvæmdartíma þarf að vera þvottastöð fyrir efnisflutninga bifreiðar, það er ekki í boði að íbúar Kópavogs borgi fyrir sóðaskap verktakans með auknum þrífum á Dalvegi.

Dalvegur 30

Ljósmengun

Slökkva á öllum skiltum sem snúa að Dalvegi, einnig þarf að fara fram á við húseiganda að slökkva ljós í byggingunum eftir 22:00 á kvöldin.

Gagnaver

Upplýst var á kynningarfundinum að fyrirhugað er að setja upp gagnaver. Gagnaveri fylgir mikill hiti sem þarf að fjarlægja. Setja þarf í byggingarleyfið takmörkun á hitaútbæstri og hávaðamengun.

Á framkvæmdatíma þarf að vera þvottastöð fyrir efnisflutninga bifreiðar, það er ekki í boði að íbúar Kópavogs borgi fyrir sóðaskap verktakans með auknum þrífum á Dalvegi.

Umferðarmál – vegtengingar

Á kynningarfundinum voru notaðar mælingar frá 2019 í stað þess að nota nýjustu mælingar. Árið 2023 var umferð á Dalveginum mæld hvern einasta dag ársins, fram kom á fundinum að ekki er mark takandi á nýjustu mælingum frá 2023. Er þetta merki um óvönduð vinnubrögð við mælingarnar á umferðinni eins og ítrekað hefur verið bent á. Við viljum réttar mælingar sem hægt er að bera saman og byggja á, enn eru ekki komnar niðurstöður í umferðarlíkanið sem er ábyggilegt.

Klára brú milli lóða Dalvegur 30d og Teits Jónassonar.

Setja í forgang vegtengingu milli Reykjanesbrautar og Dalvegur.

Lækka leyfðan hámarkshraða.

Klára tengiveg meðfram Reykjarnesbraut með lokatengingu við Kraftvélar, þessi vegur myndi létta á Dalveginum, þessi tenging er búin að vera í skipulagi í yfir 20 ár.